

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um borgaraþing um leikskóla og umönnun ungra barna

Borgarstjórn samþykkir að halda borgaraþing um leikskólamál og umönnun ungra barna. Rætt verði um hlutverk borgarinnar í þeim efnum sem og stöðu barna og barnafjölskyldna í Reykjavík. Foreldrar ungra barna verði sérstaklega boðin velkomin á borgaraþingið en það yrði jafnframt opið öllum sem hafa áhuga á málefnum. Í aðgerðaáætlun með lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að halda skuli borgaraþing að jafnaði árlega þar sem borgarbúar fái tækifæri til að eiga samtal við borgarfulltrúa um mismunandi málaflokka. Markmiðið með því er að íbúar hafi beinni tengsl við borgarstjórn og fái tækifæri til að eiga samtal við kjörna fulltrúa um það sem skiptir þá máli. Hér er lagt til að borgaraþing verði haldið um stöðu ungra barna og barnafjölskyldna út frá stöðunni í leikskólamálum og umönnun ungra barna. Með þessu er boðið til opins fundar fyrir íbúa, foreldra og barnafjölskyldur þar sem þeim gefst færi á því að ræða við borgarfulltrúa og koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Lagt er til að mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa verði borgarstjórn til liðsinnis við boðun til þingsins.

Greinargerð

Foreldrar ungra barna eru mörg hver í erfiðri stöðu þar sem áætlanir borgarinnar um uppbyggingu og mönnun leikskóla hafa ekki gengið eftir. Það er hlutverk borgarstjórnar að skipuleggja borgina þannig að hún sé barnvæn. Að sama skapi á þess ekki að gerast þörf að foreldrar þurfi að berjast fyrir því að staðið sé við gefin loforð. Með þessu borgaraþingi býður Reykjavíkurborg foreldrum og öðrum sem láta sig málið varða að koma að tjá sig þar sem áhersla er lögð á að raddir íbúa fái að njóta sín. Mikilvægt er að halda borgaraþing en ekkert slíkt hefur verið haldið frá því að lýðræðisstefna Reykjavíkur og meðfylgjandi aðgerðaáætlun var samþykkt í október 2021.